



Jökklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr 41

Febrúar 1993

Aðalfundur

Aðalfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20:30 í matsalnum Tæknigarði, Dunhaga 5.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Um Öræfajökul. Snævarr Guðmundsson

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn 23. febrúar 1993 í matsalnum í Tæknigarði, Dunhaga 5. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundarins sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé mun Snævarr Guðmundsson segja frá Öræfajökli og gönguleiðum á ýmsa tinda hans.

Viðhaldsferð.

Fæstir þeirra, er nota skála félagsins, gera sér rétta mynd af því hverju til þarf að kosta í útbúnaði og viðhaldi skálanna, ferðamönnum til þæginda og öryggis. Þegar til tals kom fyrir hartnær tuttugu árum að byggja nýjan skála í Esjufjöllum og annan í Kverkfjöllum, benti einn af reyndustu jöklamönnum félagsins á, að ekki væri nóg að byggja skála, það yrði líka að hugsa fyrir viðhaldi þeirra. Þegar svo tveimur árum seinna var bætt við skálunum við Fjallkirkju og Goðahnúka, stækkaði hópurinn sem taldi að ekkert lægi fyrir þessum skálum annað en að grotna niður, líkt og orðið var um skála Fjallamanna á Fimmvörðuhálsi. Víst er það, að þessi hópur hafði mikið til síns máls að færa eins og síðar kom í ljós, en okkur skálabyggjendum fannst allt slíkt tal merki um íhaldssemi á hæsta stigi. Það var því verulegt vatn á okkar myllu þegar það fréttist síðar, að framangreindur jöklamaður hefði varið með kjafti og klóm þessar skálabyggingar og sagt að það væri eitthvað annað en að félagið væri að lognast útaf meðan staðið væri í slíkum framkvæmdum. En því miður lá við að illa færi, því að á daginn kom að allt viðhald annars staðar en í Jökulheimum og á Grímsfjalli var erfiðleikum háð. Á framangreinda tvo staði var félagið með "fastar" ferðir en í hina skálana ekki og var því flutningur á mörgum tugum lítra af fúavarnar og málningarefnum háður velvilja vélsleðamanna, sem aftur á móti gat oltið ýmsum atvikum eins og þegar ein slík sending var skilin eftir á Kverkfjallahrygg því "Guru" þess ferðahóps ákvað að af henni stöfuðu þau óhöpp sem leiðangurinn höfðu hrjáð.

Það er ekki fyrr en um miðjan síðasta áratug sem breyting verður á, þegar snjóbílarnir missa forystuna í ferðalögum á jöklum yfir til jeppanna, en þá sköpuðust fyrst raunhæfir möguleikar til þeirra flutninga, sem viðhaldi skálanna fylgir. Í ljósi þess, að engum hafði dottið í hug þessi þróun mála svo og sú staðreynd að ekki tókst, þrátt fyrir tilraunir, að fara viðhaldsferð á Goðahnúka í ellefu ár, verður skiljanleg afstaða hinna eldri og reyndari jöklamanna til nýbygginga "æðis" ungliðanna, en eftir stendur sú staðreynd að þetta "æði" var félaginu sú vítamínsprauta sem það býr að enn þann dag í dag.

Þótt viðhaldsferðir á "túttubílum" hafi leyst þennan vanda félagsins er það ekki svo, að það hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða fyrir þær sem skyldi og er það því háð velvilja og áhuga lítils kjarna ferðamanna um alla framkvæmd þessara mála. Í þessu skrifu ætla ég ekki að tíunda nein nöfn þó vert væri, það bíður betri tíma, en víst er að félaginu hafa þeir reynst drjúgir, drýgri en margur sem hærra heyrir til.

Nú, í upphafi þessa párs ætlaði ég að segja lítilega frá viðhaldsferð, sem farin var í haust og er kannski ekki alveg eins og þær ferðir gerast að öllu jöfnu, en sýnir þó mæta vel hvað dregur þennan þrönga hóp, sem þessar ferðir stundar. Í sumar hefur staðið yfir endurnýjun á innviðum eldri skálans í Jökulheimum og í haust var svo komið að til frekari framkvæmda við innréttinguna vantaði nokkur mál. Því var ákveðið að skjótast inn eftir og jafnframt, ef veður leifði, upp á Fjall, því þar vantaði poka í gasljósin og krækjur á glugga. Ákveðið var að fara á tveimur bílum og leggja af stað upp úr kvöldmat þann 10. október.

Ökumenn og bíleigendur voru þeir Ástvaldur Guðmundsson og Birgir Brynjólfsson og með þeim tveir fylgdarmenn. Hægur vestan andvari var og þoka er á Heiðina var komið. Í Gósen beið kunningi Birgis, Karl Karlsson með þrjá farþega í bíl og slóust þeir í hópinn. Þokan fylgdi okkur alla leiðina í Jökulheima, en þar vorum við loks rétt fyrir kl. tvö eftir hæga ferð.

Um kl. átta morguninn eftir var þokan söm og um nóttina, en að árbít og öðrum erindum loknum hafði rofað svo til að vel sást í jökul. Þá var ákveðin jökulferð og lagt upp laust fyrir kl. tíu. Eftir stuttan akstur á jökli lentum við í þokunni á ný og það sem verra var, mikilli hálfku. Í um ellefu hundruð metra hæð vorum við komnir á sprungusvæði, sem við venjuleg skilyrði hefði ekki verið farartálmi, en nú í hálkunni var stórhættulegt. Þó vel breitt væri á milli sprungna, nokkrar bílbreiddir, þá var það ekki nóg því að á köflum var hálfkan slík, að lítt var við það ráðið hvort bíllinn fór áfram, aftur á bak eða út á hlið. Eftir um tveggja tíma bardús vorum við loks komnir á snjó og úr því fór ferðin að ganga. Rétt fyrir kl. eitt komum við svo út úr þokunni og vorum þá rétt austan við Kerlinguna. Opnaðist nú fljótlega útsýni til Hamarsins og austur á Háubungu. Jökullinn bauð upp á besta færi og hraðamælarnir í jeppunum síndu hvað eftir annað hundrað og tíu kílómetra hraða. Mér var hugsað til þess tíma þegar manni fannst það lúxus þegar víslarnir héldu tíu km. hraða spotta og

spotta. Fljótlega byrtist Þórðarhyrna og skömmu síðar Geirvörtur. Síðan nafnlaus tindur í jöklinum norðan við Hágöngur, sá sami og sést vel af þjóðveginum um Svartajökul í Öræfum. Litlu síðar kom svo Pálsfjall upp úr jöklinum. Heiðskírt veður var og logn og tilveran eins og hún getur aðeins verið á jökli.

Eftir tæpan klukkutíma stóðum við á Vestari-Svíahnúk og sáum vítt yfir. Tanni og Hásteinar í Hofsjökli, Bárðarbunga og Kverkfjöll blöstu við að ógleymsdu hinu stórfenglega útsýni til Öræfajökuls og Skaftafellsfjalla. Eftir drjúglanga stund ókum við svo að skálunum á eystri hnúknum. Þar voru höfð hröð handtök, því kippt í liðinn sem aflaga var og drukkið kaffi, því menn voru sammála um, að þegar saman færi slíkt veður og eggsléttur jökull, þá væri ekki til setunnar boðið. Goðahnúkar sagði einhver og svo var brunað austur af Fjallinu.

Gott veður hefur ýmsar hliðarverkanir eins og gefur að skilja, ein þeirra er kæruleysi. Það virðist sama hve reynslan er mikil, þegar vel gengur dofnar árveknin og menn verða slegnir blindu. Svo var hjá okkur. Þegar neðarlega í Fjallið kom sáum við stöng eina allmikla, stagaða og með rauðri veifu í toppi og hjá henni snjóblaslóð. Við vissum að Helgi og Hannes höfðu verið þarna fyrir stuttu við rannsóknir og að þeir höfðu reist stöngina. Okkur fannst sjálfsagt að skoða gripinn og renndum að henni. Það hefðum við betur látið ógert því stönginni var ætlað það hlutverk að vara við slæmu sprungu- svæði með sprungum sem rétt skændi yfir og að auki sáust varla ofan frá. Við Valdi sluppum yfir þær fyrstu en Birgir, á þyngri bíl, stakkst á nefið það illa, að Karl, sem reyndi að kippa honum upp, réði ekki við það. Valdi tók á sig stóran sveig og ætlaði til aðstoðar, en stakkst á nefið líka. Nú voru góð ráð dýr. Einn bíll laus, sprungur allsstaðar og Goðahnúkar fjarlægðust óðfluga. Ekki er mér grunlaust um að Karli hafi þótt nóg um, fyrsta ferð hans á jökul og lenda þá í för með mannskap sem bregður sér án sjáanlegs tilgangs í sprunguskoðun, en hvað um það, hann fikraði sig í rólegheitum á milli sprungna þar til hann náði Valda upp og síðan tókst þeim, ásamt afturdröfinu hjá Birgi, því framdriftsloka hafði gefið sig við sprunguskoðunina, að ná Bronconum upp.

Af þessu uppátæki varð þó ekki nema klukkustundar töf og klukkan fimm var þeyst austur í Norðlingalægð. Eftir því sem austar dró minnkaði útsýni til suðurs en hin hrikalega austur- hlið

Kverkfjallanna ásamt Snæfelli urðu aðal kennileitin. Síðan sáu stvær þúfur í suðri, efsti hluti Þverártindseggarinnar og til austurs Grendill, Goðahnúkar og Goðaborg. Veðrið hafði leikið við okkur allan daginn og svo var enn klukkan hálf sjö þegar við stóðum í rökkur byrjun við Goðahnúkaskálann og dáðumst að umhverfinu. Þoka var að sjá yfir öllum Hornafirði, náði upp undir Nýju-Núpa, og nú með rökkrinu kólnaði. Ákveðið var að gista í Snæfellsskála, þar sem við töldum verða rýmra um okkur og því lagt af stað þangað. Gekk ferðin tíðindalaust að jökulrönd, en þar tók um klukkustund að finna slóðina, sem rudd var frá skálanum að jökli, en í urðina var ekki fýsilegt að leggja bílana í myrkrinu. Aftur á móti er slóðin góð og gekk okkur greiðlega í skálann, en þangað komum við klukkan níu, eftir ellefu tíma ferð úr Jökulheimum. Þar var matast og hlustað á skemmtilegan spuna Birgis, við gítarslátt, um atburði dagsins og síðan í pokana.

Morguninn eftir vöknudum við Valdi klukkan níu við bacon-ilm af pönnu Birgis. Veður var milt og háskýjað, notalegt haustveður. Sólin sást upp úr klukkan tíu, þegar hún skreið uppfyri fellið austan skálans. Birgir fór út til þess að gera við framdrifslökuna, en við hinir í þrif. Klukkan hálf ellefu kvöddu Karl og hans félagar, þeir ætluðu í byggð í Fljótsdal, en við hinir á jökul á ný. Við lögðum af stað klukkan ellefu og ókum vestari leiðina til þess að koma við hjá stórum krossi sem Birgir reisti skammt frá þeim stað, þar sem sonur hans lést af slysförum fyrir nokkrum árum. Þaðan er fagurt útsýni, bæði nær sér og til vesturs, yfir Maríutungur til Kverkfjalla, Trölladyngju, Dyngjufjalla og Herðubreiðar. Einnig er þaðan mjög skemmtilegt sjónarhorn til Snæfells.

Að jökulrönd komum við klukkan hálf eitt og ókum beint upp mesta brattann. Þar var tekinn Loranpunktur og síðan settur inn punktur á há Breiðubungu og stefnt á hann. Færið var eins og daginn áður svo okkur skilaði vel áfram. Nú komu Hornarfjarðarfjöllin í ljós, fyrst Efstafell og Múlasker, þá Gæsaheiði, Sandmerkisheiði og Fláfjall síðan Humarklóin, Kaldárnúpur og Þverártindsegg. Stutta stund sáum við Grímsfjall í fjarska, en síðan drög Esjufjalla er sáust æ skýrar eftir því sem nær þeim dró. Vestast gnæfði svo Örafajökull.

Er í drög Skálafellsjökuls kom fór að bera á sprungum. Við héldum okkur eins vestarlega og tók voru á, en urðum samt að aka yfir þó nokkrar. Var það gert af ýtrustu varfærni því okkur

kom saman um að sprungukvóti helgarinnar væri eiginlega fylltur. Er sýnilegt að svæðið er varasamt yfirferðar að haustlagi og því nauðsynlegt að fara þar um með mikilli gát. Við skála Jöklaferða komum við svo af jökli klukkan rúmlega tvö. Þoka fyllti Staðardalinn en útsýni til austurs var óhindrað, var fagurt að sjá yfir Fljótin og Höfn að Horni. Nú var pumpað í dekkinn og síðan ekið niður hálfgerðan hringstiga fyrir totuna á Sultartungnajökli og niður hjá Smyrlabjargaárvirkjun á Þjóðveg. Þar hafði Birgir símasamband við Karl og voru þeir félagar þá að koma til Hafnar. Við hinir slógum í beint í bæinn og lukum ferðinni þar um níu leitið.

Eftir á að hyggja eru það kannski svona ferðir sem gera það að verkum að menn eru fúsir að leggja félaginu til bæði tíma og bíla til viðhalds skálunum án þess að fá aðra greiðslu fyrir en ánægjuna, sem fylgir því að komast í snertingu við hinar ómældu víðáttur jökulsins. Hver veit? En ég býst við að þessi ágiskun sé ekki fjarri sanni.

Jón E. Ísdal

